

Mánudaginn 16. desember 1957.

Nr. 162/1957. **Andrés Þorsteinsson** (Magnús Thorlacius hrl.)
 gegn
Síldarverksmiðjum ríkisins og Siglufjarðarbæ
 (Einar B. Guðmundsson hrl.)

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 21. september þ. á., sem barst Hæstarétti 5. október s.l., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar frávísunardóm, er upp var kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 16. september þ. á. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði dómur verði felldur úr gildi, að varnaraðiljum verði dæmt að greiða honum in solidum málskostnað í héraði, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, þar á meðal hæfileg málflutningslaun til skipaðs talsmanns hans þar, og að varnaraðiljum verði dæmt að greiða in solidum kærumálskostnað að mati Hæstaréttar.

Varnaraðiljar krefjast staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Málið hefur verið flutt munnlega fyrir Hæstarétti.

Með skirskotun til þess, sem greinir í héraðsdómi um vanreifun máls af hendi sóknaraðilja og um þörf málsmeðferðar fyrir vettvangsdómi, ber að staðfesta hinn kærða dóm að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum verður sóknaraðilja dæmt að greiða varnaraðiljum kærumálskostnað, er ákveðst kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Andrés Þorsteinsson, greiði varnaraðiljum, Síldarverksmiðjum ríkisins og Siglufjarðarbæ, kærumálskostnað, kr. 1500.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. september 1957.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 5. þ. m., hefur Andrés Þorsteinsson, vélsmiður á Siglufirði, að fengnu gjafsóknarleyfi, útgefnu 29. ágúst 1955, höfðað á bæjarþinginu með utanréttarstefnu, útgefni 30. desember 1955, gegn Síldarverksmiðjum ríkisins á Siglufirði og Siglufjarðarbæ. Gerir hann þær dómkröfur, að umferð verði opnuð um götuna Vetrarbraut á Siglufirði, að tekin verði brott girðing milli lóða stefnda, Síldarverksmiðja ríkisins, og Vetrarbrautar 19A og B og að teknað verði brott mjölblásturspípur frá olíugeymslu að mjölskemmu, en bæði aðallega og til vara, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða honum skaðabætur eftir mati svo og að þeir verði dæmdir in solidum til að greiða honum málskostnað, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Auk framangreindra krafna krefst stefnandi þess í greinargerð, að honum verði dæmdir 6% ársvextir af dæmdum bóttum frá 30. desember 1955 til greiðsludags.

Stefndu hafa krafizt þess aðallega, að fyrstu þremur liðum stefnukröfunnar verði vísað frá dómi, en til vara, að þeir verði sýknaðir af kröfuliðum þessum. Þá krefjast þeir sýknu af skaðabótakröfu stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi, „eins og mál þetta væri ekki gjafsóknarmál“.

Í stefnu er gerð svofelld grein fyrir málavöxtum:

„Málavextir eru í sem stytztu máli þeir, að ég tel mig hafa orðið fyrir miklu tjóni og óþægindum af skipulagsbreytingum, er gerðar hafa verið á Siglufirði og snerta lóðir mínar nr. 19A og 19B við Vetrarbraut, svo og vegna framkvæmda Síldarverksmiðja ríkisins í því sambandi. Tel ég aðgerðir þessar löglausear með öllu.“

Í greinargerð stefnanda er þess fyrst getið, að málavöxtum af hans hálfu sé lýst í aðiljaskýrslu (dskj. nr. 5). Síðan er máls-efninu gerð svofelld skil í greinargerðinni:

„.... Götunni Vetrarbraut á Siglufirði var lokað með skipulagsbreytingu. Samþykki skipulagsstjóra á þeirri skipulagsbreytingu var fengin undir röngum forsendum. Lokun götunnar er algjörlega óþörf svo og sú girðing, er Síldarverksmiðjur ríkisins hafa sett milli lóða sinna og lóða skjólstæðings míns, nr. 19 A og B við Vetrarbraut. En ráðstafanir þessar hafa valdið skjól-

stæðingi mínum miklu tjóni, eins og auðsætt er. Með því að ráðstafanir þessar hafa hallað rétti skjólstæðings míns engum til gagns, tel ég rétt að fella þær úr gildi.

Mjölblásturspípur síldarverksmiðjanna, sem sýndar eru á uppdrættinum á dskj. 2, eru stórhættulegar, en algerlega óþarfar og gagnslausar, enda ekki brúkaðar til neins. Það virðist því rétt að fjarlægja þær.“

Auk aðiljaskýrslu stefnanda, sem til er vitnað í greingerð hans, en þar eru málavextir raktir nokkuð, hefur af stefnanda hálfu verið lagt fram í málinu plagg, sem ber yfirskriftina „Athugasemdir við málsvörn hr. hrl. Einars B. Guðmundssonar f. h. Síldarverksmiðja ríkisins og Bæjarsjóðs Siglufjarðar“. Plagg þetta, sem er tæpar tíu vélritaðar síður, undirritað af stefnanda, er að verulegu leyti málflutningur, þar sem stefnandi tekur til andsvara gegn ýmsum atriðum, sem fram koma í greinargerð stefndu og öðrum skjölum, sem lögð hafa verið fram í málinu af þeirra hendi. Þá eru og tekin þar til meðferðar ýmis atriði, sem ekki varða kjarna þessa máls, að því er séð verður.

Af hálfu stefnanda hafa verið lögð fram í málinu ekki færri en 9 skjöl, þar sem skiptast á kærur hans til heilbrigðisnefndar Siglufjarðar og endurrit úr gjörðabók nefndarinnar, þar sem kærur þessar eru teknar til meðferðar. Verður eigi séð, að efni skjala þessara varði á nokkurn hátt þau atriði, sem mál þetta fjallar um. Var því framlagning þeirra með öllu þarflaus og til þess eins fallin að gera málið umfangsmeira en efni stóðu til.

Að því er sérstaklega varðar skaðabótakröfu stefnanda, er það athugavert, að engin tilraun er til þess gerð, hvorki í stefnu né greinargerð, að afmarka tjón það, sem stefnandi krefst bóta fyrir í málinu, né reifa bótakröfurnar á nokkurn hátt. Hins vegar er sú skýring gefin í niðurlagi greinargerðar hans, að skýr grein sé gerð fyrir tjóninu í aðiljaskýrslu hans (dskj. 5) svo og að um fjárhæð tjónsins verði væntanlega fjallað með matsgerð. Við athugun á aðiljaskýrslu stefnanda kemur á hinn bóginn í ljós, að þar er á engan hátt gerð viðhlítandi grein fyrir tjóni því, er stefnandi telur sig hafa beðið, heldur einungis lítillega reifuð þau atvik, sem hann telur meint tjón sitt eiga rætur sínar að rekja til. Matsgjörð sú, sem stefnandi boðar í greinargerð sinni, var eigi lögð fram í málinu fyrr en 5. september s.l., er hátt á annað ár var liðið frá höfðun málsins.

Af því, sem að framan hefur verið rakið um málatilbúnað stefnanda, er ljóst, að honum er mjög áfátt í veigamiklum atriðum og andstæður ákvæðum laga nr. 85/1936, sbr. einkum

88. og 105. gr. Auk þessara megingalla á málatilbúnaðinum, sem einir sér hljóta að leiða til frávísunar málsins ex officio, þá eru kröfuliðir þeir, sem frávísunar er krafizt á, þannig vaxnir, að eigi er á valdi þessa dómstóls að kveða upp efnisdóm um þá af þeim ástæðum, sem nú skal greina.

Um 1. lið.

Hér er þess krafizt, að felld verði úr gildi ákvörðun bæjarstjórnar Siglufjarðar um skipulagsbreytingu í kaupstaðnum, sem fólgin var í lokun hluta götunnar Vetrarbrautar. Hér er um að ræða stjórnvaldsathöfn, sem er að öllu leyti innan verkahringis nefnds stjórnvalds og því eigi á færi dómstóla að fella úr gildi, enda hafa eigi verið leidd að því haldbær rök, að þessi ákvörðun bæjarstjórnarinnar sé háð þeim efnisannmarka, að nauðsynlegs samþykkis skipulagsnefndar ríkisins hafi ekki verið aflað, áður en hún var framkvæmd.

Um 2. og 3. lið.

Að því er varðar þessa tvo kröfuliði, þá er þar um að ræða atriði, sem varða svo mjög vettvang, að málsmeðferð sú, sem um ræðir í III. kafla laga nr. 41/1919 virðist eiga við þá.

Samkvæmt framanskráðu verða úrslit málsins í heild þau, að vísa ber því frá bæjarþinginu ex officio. Samkvæmt þeim málalokum ber að dæma stefnanda til að greiða stefndu málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 2.500.00.

Eins og málatilbúnaði er háttað af hendi stefnanda, þykja ekki efni til að dæma skipuðum málflutningsmanni hans, Magnúsi hæstaréttarlögmanni Thorlacius, málssóknarlaun úr ríkissjóði.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Máli þessu er í heild vísað frá dómi ex officio.

Stefnandi, Andrés Þorsteinsson, greiði stefndu, Síldarverksmiðjum ríkisins og Siglufjarðarbæ, kr. 2.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.